

Mánudaginn 7. maí 1973.

**Nr. 53/1973: Veiðifélag Mývatns vegna eigenda
og ábúenda jarða við Mývatn**

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h.
hreppsins og eigendum og ábúendum
lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru
talin eiga lönd að Mývatni.**

Dómendur:

hæstaréttardómarnir **Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.**

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. marz 1973, er Hæstarétti barst 3. apríl s. á. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur um aðalkröfu hans í héraði verði úr gildi felldur „og að lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm varðandi þetta atriði“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Varnaraðili fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur gert þær dómkröfur, að kærumálskostnaðarkröfu sóknaraðilja verði hrundið og hver aðili málsins beri sinn kostnað af því.

Varnaraðiljar hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, hafa ekki gert ákveðnar kröfur, en telja, að frávísun aðalkröfu sóknaraðilja sé „ekki óeðlileg“.

Í máli þessu hefur héraðsdómur vísað frá dómi aðalkröfu sóknaraðilja, en hann er stefnandi í héraði. Hins vegar hefur héraðsdómur lagt efnisdóm á varakröfu hans. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 á héraðsdómari að taka til úr-

lausnar frávísunaratriði, áður en til efnisdóms kemur, þannig að bera megi þau atriði undir Hæstarétt, áður en dómur er lagður á efni máls. Þetta hefur héraðsdómur eigi gert. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, en eins og kæruefninu er háttað, verður ekki tekin afstaða til formhliðar málsins í héraði að öðru leyti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 15. marz 1973.

Mál þetta var dómtekið hinn 26. f. m. að afloknum munnlegum flutningi þess. Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með opinberri eignardómsstefnu, útgefinni 13. september 1971, en málið var þingfest hinn 29. nóvember 1971.

Í stefnu gerir stefnandi, Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn, þær dómkröfur, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild og að málskostnaður greiðist úr hendi þeirra aðilja, er halda vilja uppi mótmælum gegn kröfum þessum í málinu.

Við þingfestingu málsins hinn 29. nóvember 1971 risu upp til andsvara dómkröfum stefnanda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, eða eins og segir í greinargerð „— hefur fjármálaráðuneytið ásamt iðnaðarráðuneytinu ákveðið að láta mæta í málinu og gæta þar hagsmuna ríkisvaldsins —“ eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, og hreppsnefnd Skútustaðahrepps vegna hreppsins. Allir þeir aðilar, sem risu til andsvara við dómkröfum stefnanda, mótmæltu eignarréttarkröfum stefnanda á þeim grundvelli, að þeir sjálfir ættu hver um sig að því er tekur til vatnsbotns utan netlaga — að öllu leyti eða nokkru — verðmæti þau, sem stefnandi krafðist eignarrétt að.

Af hálfu ríkissjóðs er þess krafizt jafnframt því sem kröfum stefnanda er mótmælt, að því er varðar botn og botnsverðmæti utan netlaga, að ríkissjóði verði tildæmdur botn Mývatns utan netlaga með öllum verðmætum í, á og undir botninum eða að þessi dómsákvörðun komi a. m. k. skýrt og ótvírætt fram í forsendum dómsins. Til vara krefst hann, að landbelti Skútustaðajarðar og vatnsbotn innan tilgreindra merkja samkvæmt landamerkjalyðingu verði ekki talin til „sameignar“, ef dómurinn féllist á, að um sameign sé að ræða.

Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnsveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gera eftirfarandi sameiðinlegar kröfur:

Að hrundið verði kröfum ríkisins og stefnanda um eignarrétt að botni og botnsverðmæti Mývatns utan netlaga einstakra jarða.

Að hreppsnefnd Skútustaðahrepps fyrir hönd hreppsins verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum verðmætum í, á eða undir vatnsbotninum.

Verði framangreind krafa um rétt Skútustaðahrepps yfir hinum umdeildu verðmætum ekki tekin til greina, er af hálfu eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gerð krafa um,

að Mývatn utan netlaga einstakra jarða verði dæmt byggðaralmenningur og vatnsbotninn svo og hvers konar gæði á, í eða undir eða yfir vatnsbotninum skuli, utan netlaga einstakra jarða, teljast eign allra lögbýla í sveitinni og þar með þeirra.

Þá hafa allir málsaðiljar krafizt málflutningslauna og annars kostnaðar sér til handa, varnaraðiljar úr hendi stefnanda. Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldar eiga lönd að Mývatni, málskostnaðarkröfum sínum á þá leið, að hann gerði málskostnaðarkröfu úr hendi gagnaðilja, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Áður hafði stefnandi vegna veitingar gjafsóknar eftir útgáfu stefnu breytt kröfugerð, að því er málskostnað varðar, á þá lund, „að ég geri málskostnaðarkröfu úr hendi hugsanlegs gagnaðila, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál“.

Undir rekstri málsins gerði stefnandi varakröfu, og voru dómkröfur hans við dómtöku málsins 26. febrúar 1973 svohljóðandi:

„Dómkröfur

stefnanda, Veiðifélags Mývatns.

Aðallega: Að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll, séu hluti af landareignum þeirra aðila, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild.

Til vara: Að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfur til, að dæmt verði eign íslenska ríkisins, samanber dómsskjal nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign umbjóðenda stefnanda. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að öðrum réttarkrefjendum í máli þessu sé in solidum gert að greiða umbj. m. málskostnað samkv. reikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá er þess krafizt, að mér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi ríkissjóðs sem skipuðum lögmanni gjafsóknarhafa samkvæmt reikningi.“

Stefnandi, Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, hafa allir fengið gjafsókn í héraði.

Stefnandi skýrir ástæður sínar til málshöfðunar með því, að Alþingi og ríkisstjórn hafi með setningu laga nr. 22/1964 um Kísiliðju við Mývatn og framkvæmd þeirra laga slegið eign sinni á botn Mývatns, en hann telur jarðaeigendur við Mývatn rétta eigendur alls vatnsbotnsins ásamt ýmsum öðrum réttindum í og við vatnið.

Stefnandi rökstyður eignarréttarkröfu umbjóðenda sinna að öllum botni Mývatns með því, að jörðum þeim, sem eiga bakka vatnsins, hafi alltaf fylgt réttur til Mývatns alls, vatns, veiði, botns og allra verðmæta á, undir og yfir botni vatnsins og hafi réttindi þessi öll verið í óskiptri sameign allra jarðanna, en þó kemur fram í greinargerð stefnanda, að mjó strandræma hafi þó fylgt hverri jörð. Hafi því löggjafinn ekki haft stjórnskipulega heimild til að setja þau ákvæði vatnalaga eða önnur lagaákvæði, sem takmarki rétt þennan eða veiti hann ríkinu, landsmönnum öllum eða einhverjum takmörkuðum hluta landsmanna að nokkru eða öllu leyti. Þá mótmælir hann því, að almenningur í stöðuvatni sé sameign landsmanna allra eða tilheyri ríkinu, heldur síni ákvæði Jónsbókar, að almenningur í stöðuvatni sé sameign þeirra, sem land eiga að vatninu.

Þá gerir stefnandi grein fyrir því, að hann hafi í samráði við lögmann ríkisins leitað til jarðeigenda við veiðivötn um nokkr-

ar upplýsingar um netlög, almennunga o. fl. og að við þeim fyrirspurnum hafi komið svör varðandi ýmis vötn, stór og smá, og hafi svör borizt m. a. um Svínavatn, Arnarvatn hið mikla, Löginn (Lagarfljót), Miklavatn, Áshildarholtsvatn, vötn á Auðkúluheiði og á Jökuldalsheiði, en sameiginlegt hafi verið með þessum svörum, að um engan almenning sé að ræða í vötnum; landeigendur eigi vatn og botn hver fyrir sínu landi, þar til merki mætast. Þá leggur hann fram bréf Þóris Steinþórssonar skólastjóra, áður bónda að Mývatni, en hann var síðar nefndarmaður í yfirmatsnefnd í sambandi við arðskiptingu jarða í veiðifélögum. Þórir telur strandeigendur eina eiga vatnsbotn. Þá leggur stefnandi fram öll fáanleg landamerkjabréf jarða í Mývatnssveit og telur það ekki fara á milli mála, að Mývatn „liggi undir“ jarðeignirnar við Mývatn, sbr. orðalag í námulögum.

Stefnandi bendir á nokkur atriði í landamerkjabréfum jarða við Mývatn. Kemur þar fram m. a., að Garður sé talinn eiga land út í Mývatn samkvæmt beinni línu norður vatnið og Skútu- staðir séu taldir eiga hluta af vatninu samkvæmt tilteknum markalínum, en þær hafa verið færðar inn á landabréf á dskj. nr. 147 A. Þá kveður hann með mörgum jarðanna vera upptaldar ýmsar nafngreindar eyjar í vatninu, er séu eign hverrar jarðar um sig. Þá segir hann enn fremur, að það hafi aldrei valdið neinum ásteitingi eða erfiðleikum hjá strandeigendum, hvernig eignarrétti þeirra að Mývatni hagaði þrátt fyrir mismunandi orðatiltæki í landamerkjabréfum. Þannig sýni samtökin, er hófust með stofnun veiðifélagsins 1905 og ætíð hafi varað síðan, að þau hafi litið á vatnið sem óskipta sameign, en þó að líkindum talið, að sérnyttjar fylgdu ræmu næst strönd.

Þá hefur stefnandi gert nokkurn samanburð á íslenzkri lög- gjöf og dómum og löggjöf og dómum á öðrum Norðurlöndum varðandi svipuð málefni. Hann hefur og sérstaklega bent á þann mun, er var á stöðu ríkisvalds í Noregi, er Ísland var numið, og á Íslandi, þ. e. að ríkisvald hafi ekki verið fyrir hendi hér. Þá hefur hann rakið aðdraganda að setningu vatnalaga og ritgerðir og umræður þar að lútandi.

Ríkisvaldið færir fram þær aðalmálsástæður: a) Að samkvæmt rétttri gagnályktun frá 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923 geti engri jörð eða landareign fylgt land lengra út í vatn (vatnsbotn) en sem netlögum nemur, enda sé þá b) engum öðrum til að dreifa um eign og aðild almennings (vatnsbotnsins) utan netlaga heldur en ríkisvaldinu (ríkissjóði).

Ríkisvaldið heldur því fram, að 4. gr. vatnalaga sé stjórnskipulega gild lagaregla og gagnályktun fullkomlega örugg. Landeigendur hafi aldrei átt lengra út í sjó eða vötn en sem netlögum nemur og að ekki sé vitað um neinar „fornar hefðir“ í aðrar áttir og alls ekki við Mývatn. Er þar sérstaklega bent á landamerkjaskrá fyrir Bjarnastaði, þar sem beint sé talað um „fjörurétt og landhelgi“, undirskrifaða af oddvita og öðrum fyrirmönnum byggðarlagsins. Rétt þykir hér að taka fram af dómsins hálfu, að merki Bjarnastaða í eða við vatn eiga við Sandvatn. Þá er því haldið fram, að hvorki Skútustaðahreppur né vatnsbakkabændur við Mývatn hafi nokkru sinni gert nokkurn fyrirvara, borið fram mótmæli eða breytingatillögur út af takmörkunum þeim, sem 4. gr. vatnalaga feli í sér (staðfesti), en þeim hafi þó gefizt til þess sérstakt tilefni, eftir því sem skýrt hafi verið frá, að sérstök nefnd Mývetninga hafi á sínum tíma verið sett í málið. Sú nefnd hafi látið við það sitja, að strandeigendur yrðu viðurkenndir einkaréttthafar veiðiréttinda, en um landbeltismörk og eignarrétt jarða út í vatnið hafi þeir engar breytingatillögur eða athugasemdir haft fram að færa. Þá er rakinn aðdragandi setningar vatnalaga, sérstaklega að því er 4. gr. varðar, svo og eldri réttarreglur, tilskipun 20. júní 1849, 3. gr., og Jónsbók, Landsleigubálkur, 56. kafli.

Síðari málsástæðuna, þ. e. að engin aðili geti átt eignarrétt að almenningi Mývatns nema ríkið, rökstyður ríkisvaldið með tilvitnunum í fræðimenn, konungsúrskurði og tilskipanir og hæstaréttardóma um Landmannaafrétt og Nýjabæjarafrétt svo og erlenda dóma.

Vitnað er í svokallað Hofsstaðabréf frá 1477 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712, sem hvort tveggja sýni, að í Mývatni hafi verið almenningur, einnig utanhéraðsmanna (ótiltekið). Hafi Mývatn því aldrei verið byggðaralmenningur, hvað þá einkaalmenningur. Þá er bent á orðin „landhelgi“, „landbelti“ og „dráttarmál“ einstakra jarða, sem víða komi fram í skjölum málsins og sýni, að óbeint sé viðurkennt, að vatnið þar fyrir utan sé almenningur og að ekki sé um neina sameign að öllu vatninu að ræða.

Ríkisvaldið heldur því fram, að sönnunarbyrðin sé hjá stefnanda, að umbjóðendur hans hafi gerzt eigendur vatns og botns í Mývatni og hvenær og hvernig sú eignartaka hafi farið fram. Er því haldið fram, að þó frásagnir Landnámabókar séu að vísu ekki allskostar ljósar, bendi þær þó allgreinilega til þess, að Mývetningar hafi ekki numið vatnið í öndverðu. Um Mývatn og

Mývatnssveit sé ekki getið um nein landnám. Af ummælum Landnámabókar megi ráða, að Mývatnslönd hafi ekki verið numin í heild eða samfelld, heldur hafi menn sett að við vatnið hver fyrir sig. Um samfelld eða sameiginlegt landnám við vatnið, þar sem vatnið hefði t. d. orðið „innan í“, hafi þannig ekki verið að ræða. Vitnað er til dóms um Landmannaafrétt frá 1955, m. a. til þess að rökstyðja þá staðhæfingu ríkisvaldsins, að óheimilt sé að álykta út frá veiðirétti í vatni til eignarréttar að vatnsbotni, en samkvæmt dómi þessum hafi bændum og byggðarlögum verið fræðmdur eignarréttur þrátt fyrir bæði beitarrétt og veiðirétt á tilteknum landsvæðum.

Skútustaðahreppur og eigendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, rökstyðja kröfur sínar með því, að fjórðungurinn hafi átt allan rétt til Mývatns utan netlaga, og að sveitarfélagið hafi eignast þann rétt, er fjórðungur (og síðar amt) lagðist niður sem stjórnarfarsleg eining, en varakröfuna rökstyðja þeir með því, að réttur þessi hafi fallið til allra lögbýla í sveitinni. Rekur lögmaður þessara málsaðilja stöðu fjórðunga í þjóðskipulagi Íslendinga, hlutverk amtanna, ákvæði tilskipunar um byggingu eyðibýla frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipun), frumvörp til nýbýlalaga 1893—1897 og hlutverk fjórðunga og amta. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að telja sveitarfélögin rétta arftaka fjórðunganna að eignaraðild að almenningum. Gerð er m. a. grein fyrir þeirri þróun, að eftir að vald í hreppsmálum hefði áður færzt frá hreppsþúum til ríkisvalds, færist valdið með tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 aftur frá ríkisvaldinu í hendur sveitarstjórna. Þá er bent á það, sem alkunnugt sé, að Mývatn sé inni í miðri byggð, umlukt heimalöndum byggðra jarða á alla vegu og muni svo hafa verið frá öndverðu. Tíðast muni almenningar hafa legið að öræfum eða sjó. Þessi almenningur sé eðlilega eign byggðarinnar eða stofnana hennar. Þess vegna hafi ekki þýðingu að vísa til dóma um eignarrétt að hálandi eða hafalmenningi. Spurningin sé því ekki, hvort ríkið sé eigandi að almenningi Mývatns, heldur hin, hvaða stofnun byggðarinnar sé eigandi hans eða fari með umráðarétt yfir honum.

Varðandi það atriði, að í máli þessu hefur mjög verið vísað til erlendra réttarreglna og dóma, bendir lögmaður Skútustaðahrepps og jarðaeigenda í Mývatnssveit, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, á, að hæpið sé að byggja á slíkum reglum, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóti réttarreglur um almenning að

mótast af aðstæðum í hverju landi og þeirri þjóðfélagsþróun, sem þar hafi átt sér stað. Hann kveður enga beina reglu vera í lögum, sem mæli fyrir um eignarrétt að almenningum. Verði það því að leysast eftir eðli málsins og grundvallarreglum laga.

Í þessu máli hefur verið lagður fram mikill fjöldi skjala. Skal þeirra helztu getið:

Endurrit úr fundargerðabók Veiðifélags Mývatns frá stofnun 1905 til ársins 1950. Af lögum eða samþykktum félagsins er ljóst, að tilgangur þess er að stuðla að því að auka og vernda silunginn í vatninu, en ekki sameiginlegur veiðiskapur eða sameiginleg nytjun Mývatns. Ljóst er og, að félagið er ekki veiðifélag í skilningi laga um lax- og silungsveiði.

Álitsgerðir þeirra Einars Arnórssonar, síðar hæstaréttardómara, dr. juris, og Eggerts Claessens yfirréttarlögmans um veiðirétt í Mývatni.

Álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, þáverandi lagaprófessors, frá árinu 1961. Í álitsgerð sinni kemst lagaprófessorinn að þeirri niðurstöðu, að kísilgúr á botni Mývatns innan netlaga tilheyrir tvímælalaust þeirri jörð, er netlög fylgja. Hins vegar sé vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga almenningur landsmanna allra — sé ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga sé því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn geti ráðstafað að vild sinni.

Bréfaskipti forráðamanna veiðifélagsins við forsvarsmenn Kísiliðjunnar og iðnaðarráðuneytið.

Orðsending lögmans stefnanda til landeigenda við veiðivötn, þar sem óskað er eftir upplýsingum um, hvernig hagi til um veiði og veiðirétt annars staðar á landinu, svör landeigenda og annarra, er til þekkja, ásamt nokkrum fylgiskjölum.

Skrá um stærð stöðuvatna á Íslandi.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Geirastaði, Ytri- og Syðri Neslönd, Grímsstaði, Reykjahlíð, Voga, Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Garð, Skútustaði, Álftagerði, Haganes, Hofsstaði, Arnarvatn, Gautlönd, Baldursheim, Grænavatn, Litluströnd, Hörgsdal, Bjarnastaði og Helluvað í Skútustaðahreppi auk Hrappstaðasels í Bárðdælahreppi.

Sóknarlýsing Mývatnssveitar (Bókmenntafél.) ca. 1848.

Ljósrit frá Árnasafni v/„almenninga“ og „fjórðungsmenn“.

Samningar um gerðadóm og um verksmiðjulóð v/Kísiliðju.

Ritgerð dr. Halldórs Halldórssonar prófessors um sögnina „að eiga“.

Ýmis vætti um veiðivenjur í öðrum vötnum.

Endurrit úr gerðabók Skútustaðahrepps.

Ritgerð Jónasar Helgasonar á Grænavatni um silungsveiði við Mývatn.

Nokkur vottorð um venjur og skoðanir um veiðiskap við Mývatn svo og um veiðirétt í Svartárvatni í Bárðardal.

Endurrit af handritum Stefáns Stefánssonar, Ytri-Neslöndum við Mývatn.

Vottorð um veiði utanvatnsmanna í Mývatni.

Beiðni lögmans ríkissjóðs um öflun lögfræðilegra upplýsinga í Danmörku.

Svar Felix Vangs, hæstaréttarlögmans í Danmörku, við fyrirspurn lögmans ríkissjóðs um reglur í Danmörku um eignarrétt að vatns- eða sjávarbotnum svo og námarétt.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns skrifuð og samantekin eftir almúgans tilsögn og undirretting að Skútustöðum við Mývatn þann 30. og 31. Augusti Anno 1712 (Þingeyjarþing eður Þingeyjarsýslu, *Mývatn* heitir hreppurinn).

Nokkrar lögfestur fyrir Skútustöðum, Vogum og Grænavatni.

Jarðakaupabréf frá 1477 um Hofsstaði og fleiri jarðir.

Landskipti milli Skútustaða og Álftagerðis frá 1849.

Nokkur kaupbréf, ítakabréf og vitnisburðir varðandi jarðir í Mývatnssveit.

Landnámi við Mývatn er háttað svo, að heimildir um það eru mjög ógreinilegar —eigi sízt að því er tekur til ummerkja eða víðáttu.

Fyrsti landnámsmaðurinn mun vera Þorsteinn Sigmundarson Gnúpa-Bárðarson, sem virðist hafa reist bæ „at Mývatni“ um eða eftir 930. Bær þessi er týndur, nema hann leynist undir öðru nafni. Reykdælasaga og Víga-Skútu virðast sýna, að hann hafi verið norðan vatns og ætti bær sonarsonar hans, Arnórs Þorgrímssonar, Reykjahlíð, að vera byggður úr landnámi hans. Reykjahlíð er að víðáttu til svo óhemju stór jörð, að hún beri þann veg með sér að geta verið hluti úr landnámi. Hitt er svo spurning, sem ekki er hægt að svara til sönnunar, að Grímsstaðir, Neslandatangi, Vindbelgur og Hofsstaðir hafi byggzt úr landnámi Þorsteins.

Geiri austmaður er nefndur fyrsti búandi að Geirastöðum — á milli Vindbelgjar og Hofsstaða nú — en þar með er engan veginn sýnt og sannað, að hann hafi tekið sér búsetu með landnámi. Geirastaðamerki í dag gefa ekki tilefni til þess að halda, að um landnám sé að ræða. Heimildir Geira gætu alveg eins vel verið fengnar með kaupum (samanber Ísl. fornrit X, bls. 186, 1. mgr.).

Og gegnir sama máli í því efni um Víga-Skútu, er keypti land „at Mývatni ok bjó þar, sem nú heitir á Skútustöðum“ (Op. cit. bls. 204).

Um Grænavatn er þess að geta, að Þorkell inn hávi er fyrstur manna talinn búa að Grænavatni. Hann og sonur og dóttir hans koma við sögu Víga-Glúms, þar sem Glúmur er yngsti sonur Hallfríðar Þorkelsdóttur að tali sögunnar og Vigfúsar Eyjólfssonar.

Grænavatn er mikil jörð að víðáttu og gæti það bent til þess, að um landnámsjörð væri að ræða. Á móti kemur, að engin eðlileg mörk virðast nú sýnileg milli landnáms norðan við vatn, og þar að auki er örskammt til Garðs og Brjánsness, sem standa á bakka Mývatns og hafa verið lögbýli svo langt sem rekja má aftur, áður en Brjánsnes var lagt undir Garð.

Að vísu kemur fram af dskj. nr. 158, 160 og 161, að Grænavatn á á 16. og 17. öld aðgang að dráttum fyrir Garðslandi, en hvenær og hvernig til þess hefur komið, er ekki hægt að skýra.

Skútustaðir með Álftagerði er svo mikil jörð, að hún hefur landnámseinkenni, en hún hefur verið keypt, eins og áður segir. Orðalagið „at Mývatni“, sem þrásinnis kemur fyrir, mun langoftast þýða „við Mývatn“.

Það er víst, að yfirgnæfandi meiri hluti lögbýla stendur á vatnsbakkanum, og má sjá það þegar af Auðunnarmáldögum 1318, sem að stofni eru eldri. Ástæðan er sú einfalda, að vatnið er forðabúr matar sumar og vetur, varp og veiði. Og liggur í hlutarins eðli, að hlunnindi þessi verða notfærð af búendum, um leið og þeir setjast að og nema lönd eða kaupa.

Mikilvægi veiðinnar er ljós af sérákvæði Staðarhólsbókar. Grg. II 32: „Mývetningum er þat rétt að leGja net sin í vatn helgan dag eptir eykð. ef rum heilact er eptir“.

Elzta heimild um dráttarveiði við Mývatn mun vera í Jarðteinabók Guðmundar biskups Arasonar, þar sem segir frá því. er gerðist í Reykjahlíð um hvítasunnu 1237. Lýsing á staðháttum er mjög góð, og enn fremur er þess getið, að engin veiði hafi verið um sinn í vatninu og hallæri mikið í sveitinni. Eftir að biskup hafði blessað „veiðistöð bónda“, varð veiði svo mikil, „at varla kom nytjum á“, og seldi bóndi „til þriggja kúa reyðar um sumarit“.

Í yngstu sögu biskups er þess og getið, en rittengsl eru sýnileg á milli, og ber frásögninni þar saman við Jarðteinabókina — einnig í andvirði sölunnar, er hann selur „þurran vatnfisk meir en til þriggja kúa“.

Í frásögnum þessum er einvörðungu miðað við dráttarveiði í

Hlíðarlandi og ekki getið, að utanhéraðsmenn hafi stundað veiði, en í yngstu sögunni segir, að „þetta sama vor lá mikit hallæri með því sama vatni, svo at nálíga fékk engi byggðarmanna búðarverð“. Gæti orðalag þetta um hallæri bent til, að almenn veiði kynni að hafa verið stunduð í vatninu.

Það er og til athugunar, að veiðistöðin þessi sé undan túninu og aðdýpi mikið. Svo er eigi nú, sbr. dskj. nr. 15 og 16. Mun landbrot af ísbrýstingi og e. t. v. eigi sízt Mývatnseldar (sbr. S.S.Í. IV, bls. 392, 402—403 og 410—411) hafa valdið hér töluverðu um auk slýsins, er vex með fádæmum seinni part sumars hvers.

Stefnandi málsins er Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn samkvæmt umboðum þeirra. Ekki hafa í málinu verið lögð fram skilríki fyrir því, hverjir nú séu eigendur eða ábúendur allra jarða, sem lönd eiga að Mývatni. Er því ekki fullkomið öryggi fyrir því, að allir eigendur og ábúendur hafi veitt stefnanda umboð fyrir allar jarðirnar. Hins vegar hafa gagnaðiljar stefnanda engum mótmælum hreyft vegna þess, að ekki séu lögð fram opinber sönnunargögn fyrir því, hverjir séu eigendur og ábúendur á jörðum þessum. Ekki hefur því heldur verið mótmælt af gagnaðiljum stefnanda, að fyrir sumar jarða þeirra, sem stefnt er fyrir, hefur einn eigandi eða ábúandi ritað á umboðsskjal til stefnanda „f. h. eigenda“ eða „f. h. eiganda“, án þess að umboð til undirritunar fylgi umboðinu. Þau ein mótmæli hafa komið fram í þessu sambandi, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið vegna prestseturshluta Skútustaða hefur óheimilað ábúanda umboð til að skuldbinda jarðarpartinn að því leyti, sem snertir kröfugerð varðandi netlög fyrir jörðinni, svo sem síðar verður að vikið. Telja verður og, að öllum eigendum og ábúendum hljóti að hafa verið kunnugt um stefnu og málarekstur, þar sem stefnubirting var opinber og málið hefur vakið mikla athygli um allt and og þá eigi sízt í heimahéraði. Málflutningur fór hið fyrra sinni fram að Mývatni, stóð fulla 2 daga og var á hvers manns vitorði innan sveitar. Þá hafa jarðamörk við vatnið verið færð inn á landabréf á dskj. nr. 14, og sést ekki annað samkvæmt því og landamerkjaskrá, sem lagðar hafa verið fram, en að öll strandlengja vatnsins falli undir jarðir þær, sem umboð er veitt fyrir, þótt einstakar lóðir kunni að hafa verið úr þeim láttnar. Verður því að telja, að stefnandi hafi formlega heimild frá þeim, sem málið varðar, til málshöfðunarinnar.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfugerð sinni á þá lund, að hann gerir nú varakröfu (án breytingar á aðalkröfu)

um, að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfu til, að dæmt verði eign íslenska ríkisins, sbr. dskj. nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign umbjóðenda stefnanda. Varakrafan sýnist ná til alls vatnsbotnsins utan netlaga samkvæmt vatnalögum.

Dómurinn lítur svo á, að óheimilt sé að breyta stefnukröfum í eignardómsmáli, nema breyting krafna sé birt á sama hátt og með sama fresti og upphafleg stefna, ef breyting felur í sér nokkra aukningu kröfu eða efnisbreytingu. Sé breyting hins vegar einungis fólgin í minnkun kröfu, þ. e. að einskis sé krafizt eftir breytinguna, sem upphafleg kröfugerð fól ekki í sér, þá sé opinber birting ónauðsynleg. Jafnframt telur dómurinn varakröfu stefnanda vera þess eðlis, að efni hennar rúmist innan ramma aðalkröfunnar, og sé því sú breyting, sem stefnandi hefur gert á kröfugerð í máli þessu, heimil og eigi ekki að leiða til frávísunar.

Skal þá fjallað um kröfur stefnanda.

Aðalkrafa.

Svo sem greint hefur verið frá, gerir stefnandi, Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn, þær dómkröfur aðallega, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaradild“.

Í kröfu stefnanda er eigi tilgreind hlutfallstala hverrar landareignar í sameignarrétti þeim, sem krafizt er viðurkenningar á. Hér er því um að ræða sameiginlega heildarkröfu vegna allra jarðaeigenda og ábúenda um ósundurgreindan sameignarrétt að botni og botnsverðmætum alls vatnsins. Að mati dómsins fær slík kröfugerð því aðeins staðizt, að allir aðiljar, sem stefnt er fyrir, séu samþykkir og eigi aðild að henni.

Í bókun umboðsmanns ríkissjóðs, dags. 5. ágúst 1972, dskj. nr. 168, er því lýst yfir, að prestssetrið Skútustaðir, sem er ríkiseign, „geti ekki verið samaðili að slíkri kröfugerð, að því er til netlaganna tekur“, og er hér átt við netlög, eins og þau eru skilgreind í 4. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923.

Þessi afstaða er ítrekuð og staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögmanns ríkissjóðs, dags. 4. október 1972, dskj. nr. 169.

Þykja hér tekin af öll tvímæli um það, að ríkissjóður sem meðeigandi Skútustaða sé ekki aðili að sameignarkröfunni, að því

er netlögin varðar, en með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum hinn 29. júní 1972, var aðiljum gefinn kostur á að tjá sig greinilega um það, hvort allir eigendur og ábúendur óskuðu fyrirvara- laust eftir því að taka þátt í eignardómsmáli þessu á grundvelli ofangreindrar kröfugerðar stefnanda.

Prátt fyrir ákvæði 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 telur dómurinn ekkert mundu hafa verið því til fyrirstöðu, að aðrir eigendur og ábúendur jarða við Mývatn en ríkissjóður gætu leitað dómsúrlausnar um sinn hluta hugsanlegs sameignarréttar að botni Mývatns.

Krafa stefnanda tekur hins vegar til heildarsameignar að vatns- botninum, þ. á. m. til hlutdeildar ríkissjóðs vegna Skútustaða í slíkum hugsanlegum sameignarrétti, en ríkissjóður hefur sam- kvæmt framansögðu ekki veitt stefnanda heimild til slíkrar kröfu- gerðar.

Ber því, eins og kröfugerð stefnanda er háttað, að vísa aðalkröfu hans frá dómi ex officio.

Varakrafa.

Varakrafa stefnanda nær einungis til þess hluta Mývatns (botns ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem er utan netlaga í skilningi 4. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923, og til hans alls.

Um rétt þann, sem mál þetta snýst um, þ. e. eignarrétt að vatns- botni ásamt verðmætum í, á og undir vansbotninum, gilda nú al- menn ákvæði vatnalaga nr. 15 frá 1923, 4. gr. Áður giltu um þetta ákvæði Landsleigubálks Jónsbókar, einkum í 56. og 59. kap.

Um það er deilt í málinu, hvort 4. gr. vatnalaganna beri að skilja þannig, að hún takmarki fortakslaust eignarrétt strandeig- enda að botnssvæðum Mývatns og annarra stöðuvatna við 115 metra belti frá landi, og ef svo væri talið, hvort slík regla fái staðizt að stjórnskipunarrétti, þar sem með henni kynnu land- eigendur að vera sviptir eignarréttindum, sem þeir hefðu átt frá fornu fari eða áunnið sér fyrir langa notkun.

Dómurinn telur, að 4. gr. vatnalaga skilin á þann veg, að hún takmarki án frávika eignarrétt vatnsbakkabænda við landbelti af þeirri stærð, sem að framan greinir, sé ógild regla að stjórn- skipunarlögum í þeim tilvikum, þar sem telja verður sannað, að strandeigendur hafi átt ríkari rétt til vatns og botns, er lögin voru sett. Verður að telja, að gagnályktun frá 4. gr. vatnalaganna verði ekki réttlætt með skírskotun til heimildar löggjafans til setningar ákvæða um almennar takmarkanir á eignarrétti, þar sem slík algild netlagaregla væri mjög óeðlileg í fjölda tilvika

og kæmi harkalega niður á einstökum landeigendum, þannig að jafna mætti til eignaupptöku. Með þeim takmörkunum, er að fram- an greinir, telja dómendur, að löggjafanum hafi verið frjálst að skipa eignarrétti að botnssvæðum stöðuvatna að vild, en af álit- um meiri og minni hluta svonefndrar Fossárnefndar, er undirbjó vatnalögin, má ráða, að út frá því væri gengið, að botnssvæði í almenningum stöðuvatna væru eign þjóðarheildarinnar eða ríkis- eign.

Af sögu landnáms á Íslandi þykir mega ráða, svo sem að fram- an greinir, að landnám við Mývatn hafi oríð nokkuð seint á land- námsöld og/eða í upphafi sögualdar og hafi lönd þar verið numin af innlendum mönnum og í smærri stíl en svo, að allt Mývatn hafi verið innan eins landnáms. Má því sennilegt telja, eða a. m. k. mögulegt, að þegar í upphafi hafi orðið til almenningur í svo stóru vatni sem Mývatn er.

Tvö af skjölum málsins, afrit af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á dskj. nr. 149 og Hofstaðabréfsafritið á dskj. nr. 155, benda til almennings í Mývatni á þeim tímum, sem þau skjöl eru gerð, þ. e. á öndverðri átjándu öld og ofanverðri fimm- tándu öld. Hins vegar bendir orðalag jarðabókarinnar til þess, að almenningurinn í Mývatni hafi verið öllu takmarkaðri en sá al- menningur, sem leiða má af gagnályktun frá 4. gr. vatnalaga (— „Í Flóanum, það er í miðju vatninu“ —).

Dskj. nr. 155, „Hofsstaðabréfið“ frá 1477, er talið frumrit á skinni, og trúverðugleiki þess eykst, þar sem staðfest endurrit á skinni hefur verið gert í Þykkvaskógi 1618 af nafngreindum mönnum til að sýna og varðveita eignarheimildir fyrir Jörfa, Hamra og Hornstaði í Dalasýslu. Það, sem máli skiptir, er, að söluvottar að Ási í Keldukerfi 1477 tilgreina hiklaust, að Hof- staðir eigi „hlut j almeningi j mývatni, oc skipstaudv j geirastada jordo“. Er þetta orðalag afdráttarlaust og skiptir hér engu máli ættartensl og venzl milli kaupanda og seljanda og segir ekkert um, hvenær þessi réttindi urðu til. Ex silentio má ekkert ráða.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er gerð að Skútu- stöðum 1712 að opinberri tilhlutan. Í raun rétttri er hún þingvætti í heyranda hljóði, svo sem kemur fram í niðurlagi hennar, og seg- ir þar m. a.: — „Silúngsveiði má hvör brúka sem vill af innan- hreppsmönnum vetur og sumur í Mývatni í Flóanum, það er í miðju vatninu, og brúkar hvör so sem hann hefur atorku til, hvort sem hann á land að vatninu eður ekki, bæði með lagnetjum og dorg. Utansveitarmenn gjöra sig og stundum hingað, og meiga

þeir að frjálssu veiða á dorg, og so er sagt að þeim sje ekki meinað að hafa lagnet í Flóanum. Enginn má leyfislaut fyrir annars landi veiða. Þeir sem halda til með lagnet í Flóann meðan vatnið er þítt og ekki eiga land við vatnið fá skipstöðu af þeim, sem landið eiga, enginn kemur þar tollur fyrir —“. Almenninur í Mývatni er tilgreindur vera „— í Flóanum, það er í miðju vatninu —“. Í vatninu eru reyndar tveir flóar, Ytri-Flói og Syðri-Flói. Kemur málvenja þessi fram í jarðabókinni og Sýslulýsingum 1740. En miðað við legu Hofstaða og utanbakkabæja annarra má ef til vill ráða, að átt sé við Syðri-Flóa, enda er hann stærri um sig. Má þar benda á dskj. nr. 100, er notar flóa í þeirri merkingu auk örnefnisins „Almenningsbolur“ frá Kálfastrandarhöfðum að sunnan og norður gagnvart Kiðey. Á dskj. nr. 14 er það prentað Bolir.

Í landamerkjaskráum nokkurra jarða við Mývatn, sem lagðar hafa verið fram í málinu, er víðast tekið fram, að jörðunum fylgi veiði fyrir sínu landi lögum samkvæmt. Enn fremur koma víða fram í skjölum málsins hugtökin „dráttarmál“, „landhelgi“, „landbelti“, sem benda til þess, að hverri jörð hafi fylgt séreignar- og sérnyttjaréttur að tilteknum svæðum fyrir landi hverrar jarðar.

Þegar landamerkjaskrár vísa til gildandi laga um veiðiétt fyrir landi, er tæpast öðrum lögum til að dreifa en ákvæðum 56. kap. Landsleigubálks Jónsbókar um þetta efni. Þau ákvæði eru samkvæmt orðalagi sínu og eðli allóákveðin, og má ætla, að þau hafi eigi staðið í vegi fyrir, að stærra vatnsbelti fylgdi jörð en þau, sem vatnalög nú ákveða, og að algild stærðarregla um netlög hafi þá eigi verið í gildi. Má ætla, að staðbundnar venjur hafi innan vissra marka skapazt um þetta efni eftir aðstæðum á hverjum stað.

Hér kæmi ýmislegt til greina, svo sem dýpt vatns eða landfræðilegar aðstæður, eins og þegar víkur eða vogar skera sig inn úr aðalvatni og eru að mestu slitin úr tengslum við það, eða þegar eyjar, hólmar og sker tiltekinnar jarðar eru dreifð um ákveðið vatnasvæði. Hér gætu komið til afkomu- eða atvinnulegar ástæður (hve þýðingarmiklar vatnsnyttjarnar hafa verið fyrir búskap á jörðinni), gróðurfarslegar aðstæður o. s. frv.

Ljóst er af 2 þinglýstum landamerkjaskráum, sem lagðar hafa verið fram í málinu (landamerkjaskrá fyrir Skútustaði frá 1891 og Garð frá 1894), að mörk jarðanna hafa verið sett út í Mývatn langt út fyrir þau svæði, sem vatnalögin síðar gerðu að netlögum. Þá benda og framlagðar landamerkjaskrár nokkurra annarra jarða til hins sama. Í landamerkjaskráum þessum er m. a. víða að því

vikið, að tiltekin jörð eigi alla veiði innan lýstra marka, alla hólma og sker svo og veiðigrunn, þ. e. vatnsbotninn sjálfan, þar sem dýpi er lítið.

Hvort sem landamerkjaskrár þessar teljast hafa nægilegt sönnunar- og heimildargildi eða ekki um eignarráð viðkomandi jarða, benda þær eindregið til þess, að ýmsir jarðaeigendur við Mývatn hafi talið eignarrétt sinn ná út fyrir netlög, eins og þau nú eru skilgreind í vatnalögum. Þykir dómendum sem slík ákvæði í landamerkjaskrár þurfi eigi óhjákvæmilega að brjóta í bága við fyrrgreind ákvæði Landsleigubálks Jónsbókar, sem voru lög í landi hér, er skrárnar voru gerðar, en áður hefur því verið slegið föstu af Hæstarétti, að þinglýstar landamerkjaskrár hafi visst opinbert trúgildi. Í þessu sambandi má benda á þá höfuðáherzlu, sem m. a. Llb 56 leggur á hugtakið *veiðistöð* með hliðsjón af Grágás I b, 122—123 og II, 509—510.

Einstaklingseignarréttur að landi á Íslandi, jörðum og lendum, byggist aðallega á námi og samfelldri röð eignayfirfærslna. Saga landnáms við Mývatn þykir benda til þess, að ekki hafi verið um að ræða samfellt nám alls lands umhverfis vatnið. Síðari tíma gögn benda einnig til þess, að almenningur hafi lengst af verið í vatninu.

Hins vegar verður því eigi slegið föstu hér, hver séu mörk þessa almennings, og eigi heldur því, að ýmsar einstakar jarðir við Mývatn hafi eigi átt, þegar vatnalögin voru sett, séreignarrétt að vatnsbotni Mývatns út fyrir þau mörk, sem í 4. gr. vatnalaga greinir. Hafi slíkur séreignarréttur einstakra jarða verið fyrir hendi við setningu laganna, er hann að mati dómenda í fullu gildi.

Mál þetta er hins vegar eigi höfðað eða sótt til viðurkenningar á slíkum hugsanlegum séreignarrétti einstakra jarða utan netlaga, heldur krefst stefnandi viðurkenningar á sameignarrétti allra vatnsbakkajarðanna að vatnsbotni utan netlaga.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir mega telja fullvíst, að í Mývatni hafi verið almenningur lengst af, þótt mörk hans og stærð séu óljós. Þykir ósannað, að botnssvæði innan almennings þessa hafi nokkurn tíma verið eign vatnsbakkabænda, og verður þegar af þeirri ástæðu að hafna varakröfu stefnanda um, að allt Mývatn (botn og botnsverðmæti) utan netlaga samkvæmt 4. gr. vatnalaga sé óskipt sameign umbjóðenda hans, þ. e. allra jarða, sem lönd eiga að Mývatni.

Eftir öllum atvikum og málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningsþóknun til lögmanns gjafsóknarhafa, Veiðifélags Mývatns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði, en hún þykir hæfilega ákveðin kr. 600.000.00.

Málflutningsþóknun til lögmanns gjafsóknarhafa, hreppsnefndar Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldar eiga lönd að Mývatni, Guðmundar Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði, en hún þykir hæfilega ákveðin kr. 300.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Magnús Már Lárusson háskólarektor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnanda, Veiðifélags Mývatns, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild, *er vísað frá dómi*.

Varakrafa stefnanda, að sá hluti Mývatns (þ. e. botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra f. h. ríkisins gerir kröfu til, að verði dæmt eign íslenska ríkisins, sbr. dskj. nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign umbjóðenda hans, *verður eigi tekin til greina*.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningsþóknun lögmanna gjafsóknarhafa greiðis úr ríkissjóði, kr. 600.000.00 til Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns stefnanda, Veiðifélags Mývatns, og kr. 300.000.00 til Guðmundar Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni.